

Ed.

594. Nefndarállt

um frv. til laga um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Jafnvel þótt nefndin kannist fyllilega við það, að þörf er á að auka tekjur landssjóðs, og eins hitt, að frumv. þetta hefir tekið bótum við meðferð málsins í Nd., þá getum vjer þó ekki lagt það til, að frumv. gangi fram á þessu þingi. Eins og kunnugt er, kom frumv. til laga um stimpilgjald frá skattamálanefndinni, er skipuð var 2. des. 1907, og var að vísu svo að orði kveðið í athugasemdum stjórnarinnar við frumvarp það til aukatekjulaga, sem hún lagði fyrir Alþingi 1911, að hún byggist við, að frumvarp skattamálanefndarinnar um stimpilgjald mundi síðar verða lagt fyrir þingið. En úr því varð þó ekki, að stjórnin tæki frumvarpið upp. Á Alþingi 1913 var frumvarpið borið fram af þingmanni í neðri

deild, en fjekk ekkert fylgi, var frestað við 2. umræðu og dagaði svo uppi. Síðan hefir málið hvílt sig, þar til þingmenn Eyfirðinga hafa nú dregið það fram aftur. Ástæðan til þess, að frumv. hefir fengið svo tregt fylgi er sú, að tekjuvonin af slíkum lögum á landi hjer hefir þótt of litil i samanburði við kostnað, ómök og fyrirhöfn, sem það mundi baka mönnum, og verða myndu miklu meiri tiltölulega hjer, vegna strjálbygðar landsins, heldur en annarstaðar, þar sem þjettbýlla er og hægra að ná til útsölustaða stimpilmerkja. Vel má vera, að of mikið hafi verið gert úr erfiðleikum við notkun stimpilmerkja hjer á landi, en mál þetta virðist vera sjerstaklega þannig vaxið, að ástæða sje til að það sje vandlega athugað af landsstjórninni, og sje undirbúið af henni, áður henni er á herðar lagt að koma slíkum lögum i framkvæmd og framfylgja þeim. Það er því tillaga nefndarinnar, að málið sje ekki felt, heldur sje því samkvæmt 41. gr. þingskapanna vísað til landsstjórnarinnar.

Alþingi, 22. ágúst 1917.

H. Hafstein, H. Steinsson,
form. og framsm. skrifari.

Sig. Eggerz.